


Danfoss


STEYPIBAÐ



Þú stillir vatnshitann með einu handtaki á hitastýrða baðblöndunartækinu frá Danfoss, og nýtur síðan steypibaðsins vel og lengi.

HÉÐINN
SELJAVEGI 2, SÍMI 24260

Niður með hita-kostnaðinn



Danfoss

OFNHITASTILLAR

HÉÐINN
VELAVERZLUN-SÍMI: 24260
LAGER-SÉRPANTANIR-ÞJÓNUSTA

HÁPRÝSTI-VÖKVAKERFI

Sérhæfð þjónusta. Aðstoðum við val og uppsetningu hvers konar háprýstibúnaðar.

Danfoss



Vökvamótorar

HÉÐINN
VELAVERZLUN-SÍMI: 24260
LAGER-SÉRPANTANIR-ÞJÓNUSTA

Þröstur Þórhallsson fimmti í Hallsberg

Skák

Karl Þorsteins

Það hefur löngum verið vinsælt meðal skákmanna að fylkja liði við áramót til mótahalds um víða veröld. Tveir ungir íslenskir skákmenn voru í þessum hóp og tefldu á unglíngamótum erlendis sem lauk fyrir skömmu. Davíð Ólafsson hélt utan með fulltingi féлага síns Jóhannesar Ágústssonar á Evrópumót unglíngna í Groningen í Hollandi. Gasfyrirtæki eitt hefur þar um langt skeið fjármagnað mótið sem haldið er árlega með mikilli sæmd. Eru aðstæður þar betri en gerist og gengur á unglíngamótum og flestir sterkustu stórmeistarar Evrópu hafa þar komið í heimsókn. Anatoly Karpov er vafalaust þeirra frægastur, en hann vann mótið 1967-8.

Davíð gerði hins vegar ekki hinar sömu rósir. Hann byrjaði illa og þrátt fyrir glettin tilþrif um miðbik

mótsins aflaði hann aðeins 5 vinninga í 13 umferðum. Vissulega heldur slakur árangur sem veldur vonbrigðum, ekki síst þegar tekið er tillit til árangurs Davíðs á mótum innanlands í vetur. Veran í Groningen er samt öllum góður skóli og

vafalaust gætir meiri stöðugleika í skákstíl Davíðs fyrir bragðið. Evrópumeistari varð Alaxander Khalifman frá Sovétríkjunum með yfirburðum. Hann vann það fáheyrða afrek að sigra andstæðinga sína í fyrstu átta umferðunum. Þá slakaði



Þröstur Þórhallsson

hann aðeins á klónni og með nokkrum jafnteflum var öruggur sigur í höfn. Hann er geysilegt efni í góðan stórmeistara og skákir hans vísa til skemmtilegs skákstíls með iðandi flækjum í hverri skák. J. Howell frá Englandi var annar, vafalaust ekki í fyrsta sinn. Hann vantar nauðsynlega reynslu til að geta sigrað á svo sterku móti, en er vissulega góður skákmaður.


Í Hallsberg í Svþjóð var Þröstur Þórhallsson, skólafélagi Davíðs, mættur til leiks. Hlaut hann þar 5 vinninga af 9 mögulegum. Ágætur árangur ekki síst þegar haft er í huga að hann var einn síns liðs og biðskákir hrönnuðust upp hjá honum. Þannig var að umferðir voru tefldar frá klukkan eitt til sex síðdegis og gafst þá aðeins klukku-stundar hlé áður en tekið var til við biðskákir. Þar sem keppendur þurftu auðvitað að nærast á þeim skamma tíma gafst lífill tími til rannsóknar á biðstöðum. Í slíkum tilvikum er aðstoðarmaður ekki aðeins æskilegur heldur frekar bráðnauðsynlegur til að kafa í leyndardóma stöðunnar. Er auðvitað ljóst að brjóstvitnið eitt dugur skammt gegn andstæðingi sem getur athugað möguleika stöðunnar áður en taflit er hafið að nýju. Þegar tekið er tillit til að í átta skákum af níu fóru skákir Þröstar

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Fjöllistamaðurinn Sigfús Halldórsson opnaði sl. laugardag mikla sýningu í Vestursal Kjarvalsstaða, er hann tileinkar 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar.

Á sýningunni eru heilar 152 númeraðar myndir og eru þær langflestar af gömlum húsum í Reykjavík en einnig eru þar nokkrar teikningar af kunnnum borgurum, landslagsmyndir og sitthvað fleira. Það eru myndirnar af gömlu húsunum er óskipta athygli vekja, enda er auðsæ næm tilfinning gerandans fyrir myndefninu hverju sinni.



Reykjavíkurmýndir

Innan um þessi hús hefur Sigfús Halldórsson alist upp og unað vel alla sína daga — jafnan haft þau í sjónmáli og samkennd hans með þeim hefur verið óskipt, jafnt ytra sem innra byrði, því hann þekkti ósjaldan til mannfólksins er inni fyrir bjó eða hafði áður búið.

Sigfús hefur gerst eins konar sagnaritari þessara gömlu húsa í myndmáli með pentskúfinn og litinn sér til fulltingis. Mörg eru þessi hús með afbrigðum myndræn og við bætist að gerandinn hefur næma tilfinningu fyrir stemningunni í kringum þau svo og veðrabrigðum.

Þegar honum tekst að samræma þetta tvennt og virkja til átaka við myndræn lögmál þykir mér honum

takast langsamlega best upp. Einkum ef formsterkur einfaldleikinn og skipuleg burðargrind gerast leiðarstjörnurnar. Þannig eru myndir fárra litatóna og ríkrar stemmningar það sem lengst situr í huganum eftir að sýningin er skoðuð.

Vísa ég hér til grátónamyndanna „Bræðraborgarstígur“ (67) og „Kvöldhúm í Grjótaþorpi“ (117) en einnig mynda svo sem „Póstmeistarahúsið við Laufásveg“ (10), „Selbrekkur við Vesturgötu“ (50), „Niðurrif Fjalakattarins“ (94), „Bókhöfundstígur“ (99) og „Bjarnarborg“ (114).

Allar þessar myndir þykja mér kynna bestu hliðar listamannsins á

þessu sviði. Þetta kemur og einnig skýrt fram í landslagsmyndunum „Febrúarsól við Ægissíðu“ (95) og „Vetrarsól við Ægissíðu“ (134). Hér eru það heildin og einfaldleikinn sem ráða ferðinni. Á sama hátt þykja mér teikningarnar af Gunnari Reyni Sveinssyni tónskáldi (37) og Þorkeli Sigurbjörnssyni tónskáldi svipmestar slíkrar myndgerðar.

Sigfúsi Halldórssyni er mikið niðri fyrir er hann malar gömul hús og frásagnarviljinn ber stundum myndræn lögmál ofurliði. Hann er líka menntaður sem leiktjaldamálari, eins og starfsgreinin hét þá hann var ungur, og slíkir líta ósjaldan nokkuð öðrum augum á myndmálið en þeir sem eru skólaðir sem listmálarar. Mætti ætla að fyrir þeim væri umhverfið meira leiksvið en hinum hreinræktuðu málurum sem fæstir hafa komið nálægt leikhúsi og eru því oftast áhorfendur úr sal og verða því fyrir annars konar hugljómun.

Allt um það þá er það svið sem Sigfús Halldórsson hefur markað sér í senn hugljúft sem áhugavert. Fjölhæfur er hann með afbrigðum og það á breiðu sviði auk þess sem hann hefur lagt sitt af mörkum hvað almenn störf í þjóðfélaginu snertir. Það sem meginmáli varðar er að Sigfús Halldórsson er einlægur og sannur hvar sem hann ber niður og það eitt sér er mikil list. Sýningin að Kjarvalsstöðum er og til marks um þetta allt og einnig hve ágætlega myndrænn listamaðurinn er þar sem honum tekst best upp.

Kvennalistinn mótmælir breytingum á LÍN

MORGUNBLADINU hefur borizt eftirfarandi ályktun frá kvennalistanum:

„Kvennalistinn mótmælir harðlega framkomnum hugmyndum um breytingar á lögum og reglum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Kvennalistinn vill sérstaklega vara við vaxtaálagningu samfara hertum innheimtulegum, sem valda mundi mörgum óbærilegri greiðslubyrði vegna námslána. Það er eitt af grundvallaratriðum þessa lánakerfis, að fólk geti lært það, sem hugur þess stendur til, án þess að þurfa fyrst og fremst að hugsa um afkomumöguleika að loknu námi.

Þá lýsir Kvennalistinn yfir eindreginni andstöðu gegn hugmyndum um styrki til námsmanna, sem hyggja á þjóðhagslega hagkvæmt nám, en slíkt væri dæmi um fráleit-an stórabróður hugsunarhátt, sem leitt gæti út í hinar verstu ógöngur, enda á fárra færi að meta, hvaða nám muni reynast þjóðhagslega hagkvæmt til lengri tíma lítið. Ennfremur telur Kvennalistinn þá hugmynd fráleita af einskörða lánauthlutun við fjárlagaupphæð án tillits til annarra aðstæðna.

Kvennalistinn varar eindregið við þessum hugmyndum og lýsir sig reiðubúinn til að taka þátt í endurskoðun á lögum og reglum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, en leggur áherslu á, að niðurstöður slíkrar endurskoðunar brjóti ekki í bága við yfirlýst markmið sjóðsins um jafnrétti til náms.“

Sterkur og hagkvæmur auglýsingamiðill!
Morgunblaðið